



Skipulagsnefnd Mýrdalshrepps
Fundargerð

Fundur nr. 283 í Skipulagsnefnd Mýrdalshrepps haldinn mánudaginn 14. september 2020 kl. 17:00 í Kötlusetri, Víkurbraut 28 í Vík.
Fundinn sátu ásamt undirrituðu nefndarfólki, Þorbjörg Gísladóttir sveitarstjóri Mýrdalshrepps og George Frumuselu skipulags- og byggingarfulltrúi Mýrdalshrepps.

Skipulags- og byggingarfulltrúi óskar eftir því að eftirfarandi mál verði tekin utan auglýstrar dagskrár:

Pétursey 2 – Deiliskipulagstillaga.

Lögð er fram samþykktar tillaga að deiliskipulagi vegna Pétursey 2 eftir að brugðist hefur verið við athugasemdum Skipulagsstofnunar.

Verður liður 6 í fundargerð.

Frábrigðið samþykkt samhljóða

Brekkur 3 – Umsókn um leyfi til niðurrifs

Marvin Ívarsson sækir um leyfi til niðurrifs fyrir vélageymsla mhl.18 við Brekkur 3, í samræmi við framlögð gögn.

Verður liður 7 í fundargerð.

Frábrigðið samþykkt samhljóða

Dagskrá fundarins:

I. Skipulagsmál:

1. Austurhluti Víkur – Breyting á aðalskipulagi

Lögð er fram tillaga um breytingu á aðalskipulagi Mýrdalshrepps 2012-2028.

Breytingin á aðalskipulaginu í austurhluta Víkur er margþættur og fellst í eftirfarandi: stækkun íbúðarsvæði ÍS7 til austurs, legu afleggjara af Austurvegi, breytt notkun á athafnasvæði A1, breytt notkun á hluta Iðnaðarsvæðis I1 og stækkun I2, breytt notkun hluta Verslunar- og þjónustusvæðis V36 í nýtt íbúðarsvæði ÍS8 og breyttir skilmálar fyrir V35.

GHK Víkur af fundi.

Skipulagsnefnd leggur til að svæðið á milli Austurvegar og Strandvegar verði skilgreint sem íbúðarsvæði og verði hluti af ÍS7. Skipulagsnefnd samþykkir að setja tillöguna í kynningarferli fyrir almenning. Skipulags- og byggingarfulltrúa falið að vinna málið áfram.

2. Austurhluta Víkur – Deiliskipulagstillaga

Lögð er fram tillaga um deiliskipulag fyrir austurhluta Víkur.

Skipulagsnefnd gerir tillögur að breytingum sem hún felur skipulagsfulltrúa að vinna áfram fyrir næsta fund.

3. Péturshólar – Deiliskipulagstillaga

Lögð er fram tillaga um deiliskipulag vegna Péturshóla. Deiliskipulag nær yfir 4 ha svæði og gert er ráð fyrir byggingu á tveimur frístundahúsum.

Skipulagsnefnd samþykkir að senda deiliskipulagstillögu til auglýsingar í samræmi við 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og óskar eftir umsögnum Skipulagsstofnunar, Umhverfisstofnunar, Minjastofnunar Ísland, Vegagerðarinnar og Heilbrigðiseftirlits Suðurlands.

GHK kemur aftur inná fundinn

4. Litla-Heiði veiðihús – Umsókn um byggingarleyfi

Eiríkur Vignir Pálsson sækir um byggingarleyfi fyrir stækkun á veiðihúsi við Vatnsá á Litlu-Heiði.

Skipulagsnefnd samþykkir veitingu byggingaleyfis með þeim fyrirvara að framkvæmdirnar séu a.m.k 100 m frá árbakka. Reynist fjarlægðin vera skemmri en 100 m, felur skipulagsnefnd skipulagsfulltrúa að leita umsagnar Fiskistofu sbr. lög nr. 61/2006 lög um lax- og silungaveiði.

5. Sólheimajökull - Skilti

María Björk Gunnarsdóttir f.h. Jóns Stefánssonar við Hvolsskóla sækir um byggingarleyfi fyrir uppsetningu á fræðluskilti við jökulsporð Sólheimajökuls innan Kötlu Geopark.

Samþykkt samhljóða.

6. Pétursey 2 – Deiliskipulagstillaga.

Lögð er fram samþykktar tillaga að deiliskipulagi vegna Pétursey 2 eftir að brugðist hefur verið við athugasemdum Skipulagsstofnunar.

Skipulagsnefnd samþykkir að senda deiliskipulagstillögu til auglýsingar í samræmi við 41. gr. Skipulagslaga nr. 123/2010 og óskar eftir umsögnum Skipulagsstofnunar, Umhverfisstofnunar, Minjastofnunar Ísland, Vegagerðarinnar og Heilbrigðiseftirlits Suðurlands.

7. Brekkur 3 – Umsókn um leyfi til niðurrifs


Marvin Ívarsson sækir um leyfi til niðurrifs vélageymslu mhl.18 við Brekkur 3, í samræmi við framlögð gögn.

Skipulagsnefnd samþykkir umsóknina.


Fundi slitið klukkan 19:46

Drífa Bjarnadóttir

Guðrún Hildur Kolbeins



Óðinn Gíslason



Kristján Þórðarson



George Frumuselu



Jónas Erlendsson

